

# 370. fundur Skólanefndar FS

## 13. nóvember 2024



**Mættir:** Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Guðlaug María Lewis áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Varaformaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Byggingamál, skipulagsmál og húsnæði.
  2. Fótaaðgerðafræði - staðan.
  3. Umræða um ofbeldi innan skólans.
  4. Kjaraviðræður og áhrif á skólann
  5. Önnur mál.

### 1. Byggingamál, skipulagsmál og húsnæði.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi fyrirhugaða viðbyggingu. Þau mál eru í biðstöðu í fjármálaráðuneyti, m.a. vegna stjórnarslita. Reykjanesbær er að vinna að skipulagsmálum fyrir svæðið og hefur arkitekt verið fenginn til að vinna að þeim málum. Þó er ljóst að hönnun og undirbúningur viðbyggingar mun tefjast verulega. Miðað við fjölda í árgöngum mun nemendum fjölga og er verið að skoða hvernig hægt er að leysa húsnæðismálin til að koma til móts við þann fjölda. Þar er m.a. verið að skoða að koma upp fleiri gámum við skólann en auk þess hafa ýmis rými innan dyra verið tekin undir kennslu.

### 2. Fótaaðgerðafræði - staðan.

Skólameistari sagði frá því að stefnt er að því að taka upp nám í fótaaðgerðafræði en það nám hefur verið hjá Keili. Stefnt er að því að leigja aðstöðu hjá Keili þar til hægt verður að koma upp aðstöðu í skólanum. Miðað er við að námið hefjist haustið 2025.

### 3. Umræða um ofbeldi innan skólans.

Skólameistari ræddi um umræðu um ofbeldi í skólanum. Hann sagði að verið væri að taka á þeim málum innan skólans. Umræða um þessi mál hefði að mörgu leyti verið villandi og mótast af fordómum gagnvart útlendingum. M.a. er verið að vinna að því að aðstoða erlenda nemendur við að aðlagast skólanum og samfélaginu. Rætt hvernig skólinn getur brugðist við þegar ofbeldismál koma upp, m.a. að upplýsa foreldra nemenda um það sem gerist.

### 4. Kjaraviðræður og áhrif á skólann.

Skólameistari ræddi stöðu mála í kjaramálum kennara en þar hefur lítið gengið í kjaraviðræðum kennara við ríkið. Enn er óljóst hvernig þau mál þróast og hvaða áhrif það getur haft á skólastarfið.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'Gull', 'HFP', and 'KASun'.

**5. Önnur mál.**

a) Fab Lab Suðurnes heldur ráðstefnu um nýsköpun, gervigreind og sjálfvirkni í Stapa föstudaginn 15. nóvember. Ráðstefnan er haldin í samvinnu við SSS.

b) Spurt hve mörgum nemendum er vísað úr skóla á hverri önn. Skólameistari sagði afar sjaldgæft að nemendum sé vísað úr skóla vegna brota. Einhverjum hópi er hins vegar vísað úr skóla vegna slakra mætinga eða fá ekki skólavist á næstu önn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Ásrún H. Kristinsd*

Ásrún Helga Kristinsdóttir

*Einar Jón Pálsson*

Einar Jón Pálsson

*Helga María Finnbjörnsdóttir*

Helga María Finnbjörnsdóttir

*Guðlaug María Lewis*

Guðlaug María Lewis

*Kristján Asmundsson*

Kristján Asmundsson, skólameistari

*Halldóra Friða Þorvaldsdóttir*

Halldóra Friða Þorvaldsdóttir

*Hilma H. Sig.*

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

*Gunnar Valdimarsson*

Gunnar Valdimarsson

*Guðmann Kristþórsson*

Guðmann Kristþórsson, fundarritari